



Fréttabréf Árskógar skóla

2. tölublað, 1. árgangur, 1. október 2012 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

Leikur-Nám-Lífsgleði-Þrautseigja-Umhyggja-Virðing-Útiskóli-Hreyfing-Hollusta-Samvinna

Sími

460-4970



Pemavika og göngudagur

Víkuna 8.-12. okt er þemavika þar sem allur skólinn vinnur með heimabyggð. Vikan hefst á göngudegi mánudaginn 8. okt. og þá er mikilvægt að koma í góðum skóm, og vel klædd/ur, með nesti sem gefur orku. Föstudaginn 12. okt. Lýkur þemaviku og þá er opið hús og allir sérstaklega velkomnir.

Heimasíða skólans



<http://dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>

Lokanir framundan

Föstudaginn 12. okt. lokar skólinn 12:15 en nemendur borða hádegismat áður en þeir fara heim. Rútan fer 12:20.

Haustfrí 29. og 30. október en þá er skólinn lokaður

Kæra skólasamfélag

Hér er komið annað fréttabréf Árskógar skóla en markmiðið er að skólastjóri gefi það út í hverjum mánuði. Skólinn var settur 7. september að viðstöddu margmenni. Fyrstu vikurnar í nýjum skóla hafa gengið mjög vel enda jákvæð umgjörð sem við finnum fyrir. Starfsfólk og nemendur eru smátt og smátt að móta skólabrag sem einkennist af vináttu og virðingu gegnum uppbyggileg samskipti. Við gerum öll mistök og munum reka okkur á við mótun skólans. Það er í lagi að mistakast en við leggjum okkur þá fram við að læra af þeim og gera gott betra. Með samvinnu við foreldra, sem hefur verið frábær, með jákvæðni og vilja eru okkur allir vegir færir. Við í Árskógar skóla setjum markið hátt og viljum gera vel. Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson, skólastjóri

Heimasíðan hlaðin upplýsingum!

Á heimasíðu skólans <http://dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/> er að finna ýmsar upplýsingar sem vert er að skoða m.a. eineltisáætlun, matseðla ofl. Síðan er í vinnslu og mun taka breytingum til þess að auka upplýsingaflæði og skilvirkni.

Skóla- foreldraráð

Hlutverk skóla- og foreldraráðs er m.a.

- fjallar um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið,
- fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólalaldi og starfsemi skóla og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar,
- tekur þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndar-samfélagið,

sjá nánar á heimasíðu skólans

Veturinn 2012-2013 sitja í ráðinu:

Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson, skólastjóri

Helga Ester Snorradóttir, fulltrúi grunnskólakennara

Gerður Olofsson, fulltrúi leikskólakennara

Linda Geirdal, fulltrúi annars starfsfólks

Amanda Guðrún Bjarnadóttir, fulltrúi nemenda

Inga Rut Pétursdóttir, fulltrúi barna á leikskólaaldrinum og grenndarsamfélags

Ólafur Pálmi Agnarsson, fulltrúi barna á grunnskólaaldrinum

Aðalfundur Foreldrafélags Árskógar skóla-haldinn í skólanum

Þriðjudaginn 9. október kl. 20⁰⁰ verður aðalfundur/stofnfundur Foreldrafélags Árskógar skóla.

Allir foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að mæta og taka þátt í starfi vetrarins enda er þátttaka ykkar grundvöllur starfsins!

Stefna Árskógarskóla

Árskógarskóli á að vera notalegur og uppbyggjandi staður þar sem öllum líður vel, vitsmunalega örvandi og umhverfið þannig að hver og einn einstaklingur fái tækifæri, óháð því hver hann er og hvaðan hann kemur, til þess að gera sem mest úr þeim hæfileikum sem hann býr yfir. Lögð er áhersla á grunnþætti menntunar: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun og að meta þá þætti á fjölbreyttan hátt.

Það er stefna skólans að skólagangan verði til þess að efla sjálfstæði sem og samvinnu nemenda, frumkvæði og þrautseigju í fjölbreyttum verkefnum með áherslu á útikennslu og tengsl við umhverfi og nærsamfélag. Umhverfi skólans býður uppá fjölbreytta náttúru, meli, móa, á, sveit, stutt í fjöru, fuglalíf o.fl. og lögð er áhersla á að tengja nám og leik við þessa paradís. Áhersla er lögð á skapandi verkefni í list- og verkgreinum og að upplýsingaöflun og úrvinnsla sé samofin leik og námi. Skólinn leggur áherslu á fjölbreyttar kennsluáferðir og að leikurinn sé lykilþáttur í námi yngri nemenda. Áhersla er lögð á fjölbreytta námshópa þar sem einstaklings- og hópamiðað nám er miðað við þroska, áhuga og getu hvers og eins og tækifæri gefast til að samþætta markmið skólagöngu nemenda frá eins árs til tólf ára.



Árskógarskóli stefnir að því að verða skóli sem gefur hverju barni tækifæri til að þroskast og leika sér af sjálfsdáðum, finna til forvitni, ímyndunar, ánægjulegrar reynslu og samkenndar. Starfsfólk skólans vinnur saman og ber í samvinnu við foreldra ábyrgð á námi, þroska og líðan nemenda. Uppbyggileg og jákvæð mannleg samskipti, umhyggja og ábyrg hegðun allra eru grunnstoðir þess að nemendum líði vel og taki framförum. Þegar heimili og skóli vinna saman á jákvæðan hátt má búast við betri líðan nemenda og meiri möguleikum á að virkja þá hæfileika sem nemandinn býr yfir eða getur tileinkað sér enda leggur starfsfólk sig fram við að eiga góð samskipti við nemendur og heimili. Gagnkvæm virðing og vinátta eru hugtök sem rík áhersla er lögð á í skólanum.

Hvar er uglan eiginlega?

Nemendaráð 2012-2013

Nemendafélag Árskógarskóla var stofnað 27. september og jafnframt kosið í nemendaráð. Kosningin var mjög spennandi og mátti heyra saumnál detta er síðustu atkvæðin voru lesin.



Lokamarkmið Árskógarskóla er, með frábæru hæfu starfsfólki, að finna leiðir í leik og námi til að gera góða manneskju betri. Styrkja einstaklinginn og rækta einkenni hans sem nýttast við að mennta góða manneskju til alhliða þroska.

Veturinn 2012-2013 eru þessir nemendur í nemendaráði: Amanda Guðrún, formaður, 7.b. Ívar Breki, varaformaður, 7.b. Sandra Ósk, 6.b. Hafrún Mist, 5.b. Aníta Rut, 4.b. Starfsreglur og fundargerðir má finna á heimasíðunni.

Hlý föt og skór.....

Við viljum vera mikið úti og því er svo mikilvægt að börnin hafi með sér útiföt og skótau sem virkar í bleytu. Komum klædd og klár í hvað sem er!